

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. desember 1990

um bráðabirgðaráðstafanir og breytingar sem nauðsynlegar eru á tilskipunum um plöntuheilbrigði, fræ, plöntur og dýrafóður og á dýralækninga- og dýrataeknilöggjöf vegna sameiningar Þýskalands

(90/654/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE⁽²⁾, einkum c-lið 1. mgr. 4. gr. b,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/461/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE⁽⁴⁾, einkum 2. mgr. 13. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽⁵⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽⁶⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽⁷⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bandalagið hefur samþykkt framkvæmdarreglur um sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum.

Frá og með sameiningu Þýskalands verða lög bandalagsins í fullu gildi á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.

Til að auðvelda samþættingu landbúnaðar fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins við sameiginlega landbúnaðarstefnu hefur

fyrrum Þýska alþýðulýðveldið beitt sumum reglum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, að eigin frumkvæði, frá 1. júlí 1990.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar á lögum bandalagsins um landbúnað til að gera ráð fyrir sérstökum aðstæðum á fyrrnefndu svæði.

Undantekningarnar sem kveðið er á um í þessu sambandi skulu almennt vera tímabundnar og valda eins lítilli truflun og unnt er á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og að markmiðum 39. gr. stofnsáttmálans sé framfylgt.

Við núverandi aðstæður er ekki hægt að beita vissum bandalagsákvæðum um gæði og heilbrigði á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins. Koma verður í veg fyrir truflun á eðlilegri starfsemi hins innri markaðar vegna beitingar þessara undantekninga. Afurðir sem ekki samræmast reglum bandalagsins skal ekki markaðssetja í bandalaginu nema á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.

Upplýsingar um landbúnað á yfirráðasvæðum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins eru ekki nægilegar til að unnt sé að fastsetja endanlega umfang breytinganna og undantekninganna. Til að gert sé ráð fyrir breytingum á aðstæðum er nauðsynlegt að kveða á um einfaldaða málsmeðferð í samræmi við þriðja undirlið 145. gr. sáttmálans þannig að breyta og bæta megi við ráðstafanir þessarar tilskipunar þar sem slíkt er nauðsynlegt.

Þýsk yfirvöld hafa tekið að sér að láta áætlun þeirra til útrýmingar á svínapest ná yfir yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins frá og með sameiningu Þýskalands. Þau hafa gefið fullvissu um að boðleið um sjúkdómstilkynningar verði komið á fyrir þetta yfirráðasvæði frá sama tíma. Með tilliti til ástands í heilbrigðismálum dýra á þessu svæði og ofangreindrar skuldbindingar skal því viðurkenna að svæðið sé laust við svínapest við sameiningu Þýskalands.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 263, 26. 9. 1990, bls. 24, eins og henni var breytt 25. október 1990.

⁽⁶⁾ Álitum var skilað 21. nóvember 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽⁷⁾ Álitum var skilað 20. nóvember 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

5. gr.

1. gr.

Til að tryggja að samþættingu yferráðasvæðis fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins við sameiginlega landbúnaðarstefnu verði án vandkvæða er í þessari tilskipun kveðið á um bráðabirgðaráðstafanir og breytingar sem nauðsynlegar eru á tilskipunum um plöntuheilbrigði, fræ, plöntur og dýrafóður og löggjöf á sviði dýraheilbrigðis og dýraræktar.

2. gr.

Breytingarnar og bráðabirgðaráðstafanirnar sem um getur í 1. gr. eru settar fram í viðaukunum við þessa tilskipun.

3. gr.

1. Samkvæmt málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í 4. gr. má samþykkja breytingarráðstafanir til að fylla upp í augljós gót og til að gera tæknilegar breytingar á ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2. Slíkar breytingarráðstafanir skulu tryggja samfellda beitingu bandalagsreglna á því sviði sem þessi tilskipun nær til á yferráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins með viðeigandi tilliti til sérstakra aðstæðna á því svæði og sérstakra vandkvæða við beitingu þessara reglna.

Þær skulu vera í samræmi við meginreglu þessara reglna og nátengdar einni undantekningunni sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Gera má þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. fram til 31. desember 1992. Gildistími þeirra skal vera takmarkaður við sama tíma; þar sem þessi tilskipun gefur lengri frest á undantekningum skal þó sá frestur gilda.

4. Ef nauðsynlegt reynist að lengja frest, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, með tilliti til beitingar undantekninga má fresta umræddri dagsetningu samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 4. gr. en þó ekki lengur en til 31. desember 1992.

4. gr.

Þar sem vísað er í þessa grein skal samþykkja ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í greininni um framkvæmdarákvæðin í gerningi sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar.

1. Sem liður í aðferð við eftirlit með samræmi vara skulu aðildarríkin tryggja að vörur sem ekki fara að bandalagsreglum séu ekki markaðssettar innan bandalagsins nema á yferráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, samanber þó 2. mgr.

2. Í samræmi við ákvæði viðaukanna skal Sambandslýðveldið Þýskaland gera ráðstafanir til að tryggja að vörur sem ekki samræmast reglum bandalagsins séu ekki markaðssettar innan bandalagsins nema á yferráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins. Slíkar ráðstafanir skulu samrýmast sáttmálanum, einkum markmiðum 8. gr. a og skulu ekki leiða til aukæftirlits eða formsatriða við landamæri milli aðildarríkja.

3. Aðildarríki getur vísað vandkvæðum til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal svo fljótt sem auðið er athuga málið, og leggja fram ályktanir sína, jafnvel ásamt viðeigandi ráðstöfunum. Þessar ráðstafanir skulu vera samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr.

6. gr.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal tilkynna framkvæmdastjórninni eins fljótt og unnt er hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í samræmi við heimildir sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Þegar frestir um beitingu bráðabirgðaráðstafananna renna út skal Sambandslýðveldið Þýskaland semja skýrslu um beitingu þeirra. Skýrsluna skal senda framkvæmdastjórninni sem síðan sendir hana hinum aðildarríkjunum.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. desember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

G. DE MICHELIS

forseti.

I. VIÐAUKI

LÖGGJÖF UM PLÖNTUHEILBRIGÐI

1. Tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 (Stjtíð. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 37), eins og henni var breytt með tilskipun 88/298/EBE (Stjtíð. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 53).

Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 16. gr.:

„Hins vegar er Sambandslýðveldinu Þýskalandi hér með heimilað að markaðssetja á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins í síðasta lagi til 31. desember 1992 vörur í I. viðauka þar sem blásýruinnihald er meira en hámarkið sem ákveðið er í II. viðauka; þessi undanþága gildir einungis um vörur sem eru upprunnar á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.

Leyfileg mörk megi aldrei vera meiri en þau sem giltu í löggjöf fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að umræddum vörum sé ekki komið á markað í öðrum hlutum bandalagsins en yfirráðasvæðum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.“

2. (Textinn á ekki við Ísland).

II. VIÐAUKI

Ræktunar- eða fjölgunarefni

I. Landbúnaðar og matjurtategundir

1. Tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 (Stjtíð. EB nr. L 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE (Stjtíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31).

- a) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 16. gr.:

„4. Ákvæði 1. mgr. skal einnig gilda á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins til 31. desember 1991. Samþykkja má nákvæmar reglur um beitingu í samræmi við málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 21. gr.“

- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 23. gr.:

„Sambandslýðveldinu Þýskalandi er hér með heimilað, að því er varðar yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, að fylgja eftirfarandi:

— 1. mgr. 3. gr., þegar um er að ræða:

— fræ, sem skorin voru upp fyrir sameiningu Þýskalands eða eftir sameiningu ef sáð var í akrana, þar sem fræin eru ræktuð, fyrir þann tíma,

- önnur fræ, ef það er staðfest samkvæmt 2. mgr. 2. gr.,
- 16. gr., innan marka hefðbundinna viðskipta og sem svar við framleiðsluþörf fyrirtækja í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu,
- síðar en ofangreindar dagsetningar, en þó eigi síðar en 31. desember 1992 fyrir annan undirlið og eigi síðar en 31. desember 1993 fyrir fyrsta undirlið.
- Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að fræ sem það nýtir þessa heimild fyrir, fyrir utan fræ sem tilgreind eru í öðrum undirlið fyrsta undirliðar, sé ekki flutt til annarra hluta bandalagsins en yfirráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins nema staðfest sé að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.“
2. Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 (Stjttíð. EB nr. L 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/100/EBE (Stjttíð. EB nr. L 38, 10. 2. 1989, bls. 36).
- a) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 16. gr.:
- „4. Ákvæði 1. mgr. skal einnig ná til yfirráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins til 31. desember 1991. Nákvæmar reglur um beitingu má samþykkja í samræmi við málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 21. gr.“
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 23. gr.:
- „Sambandslýðveldinu Þýskalandi er hér með heimilað, að því er varðar yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, að fylgja eftirfarandi:
- 1. mgr. 3. gr., þegar um er að ræða:
- fræ, sem skorin voru upp fyrir sameiningu Þýskalands eða eftir sameiningu ef sáð var í akrana, þar sem fræin eru ræktuð, fyrir þann tíma,
- önnur fræ, ef það er staðfest samkvæmt 2. mgr. 2. gr.,
- 2. mgr. 8. gr., fyrir takmörkun á „litlu magni“ *Pisum sativum* L. (*partim*) og *Vicia faba* L. (*partim*) fræja,
- 16. gr., innan marka hefðbundinna viðskipta og sem svar við framleiðsluþörf fyrirtækja í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu,
- síðar en ofangreindar dagsetningar, en þó eigi síðar en 31. desember 1992 fyrir þriðja undirlið og eigi síðar en 31. desember 1994 fyrir aðra undirliði.
- Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að fræ sem það nýtir þessa heimild fyrir, fyrir utan fræ sem tilgreind eru í öðrum undirlið fyrsta undirliðar, sé ekki flutt til annarra hluta bandalagsins en yfirráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins nema staðfest sé að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.“
3. Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 (Stjttíð. EB nr. L 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/2/EBE (Stjttíð. EB nr. L 5, 7. 1. 1989, bls. 31).
- a) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 16. gr.:
- „4. Ákvæði 1. mgr. skal einnig ná til yfirráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins til 31. desember 1991. Nákvæmar reglur um beitingu má samþykkja í samræmi við málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 21. gr.“
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 23. gr.:
- „Sambandslýðveldinu Þýskalandi er hér með heimilað, að því er varðar yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, að fylgja eftirfarandi:
- 1. mgr. 3. gr., þegar um er að ræða:
- fræ, sem skorin voru upp fyrir sameiningu Þýskalands eða eftir sameiningu ef sáð var í akrana, þar sem fræin eru ræktuð, fyrir þann tíma,
- önnur fræ, ef það er staðfest samkvæmt c-lið 2. mgr. 2. gr.,

- 2. mgr. 8. gr., fyrir takmörkun á „litlu magni“,
- 1. mgr. 13. gr., fyrir „*Hordeum vulgare* L.“ fræ,
- 16. gr., innan marka hefðbundinna viðskipta og sem svar við framleiðsluþörf fyrirtækja í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu,

síðar en ofangreindar dagsetningar, en þó eigi síðar en 31. desember 1992 fyrir fyrsta og fjórða lið og eigi síðar en 31. desember 1994 fyrir annan og þriðja lið.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að fræ sem það nýtir þessa heimild fyrir, fyrir utan fræ sem tilgreind eru í öðrum undirlið fyrsta undirliðar, sé ekki flutt til annarra hluta bandalagsins en yferráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins nema staðfest sé að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.“

4. (Textinn á ekki við Ísland).

5. Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 (Stjtíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE (Stjtíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31).

- a) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 15. gr.:

„4. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda á yferráðasvæðum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins til 31. desember 1991. Nákvæmar reglur um beitingu má samþykkja í samræmi við málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 20. gr.“

- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 23. gr.:

„Sambandslýðveldinu Þýskalandi er hér með heimilað, að því er varðar yferráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, að fylgja eftirfarandi:

- 1. mgr. 3. gr., þegar um er að ræða:
 - fræ, sem skorin voru upp fyrir sameiningu Þýskalands eða eftir sameiningu ef sáð var í akrana, þar sem fræin eru ræktuð, fyrir þann tíma,
 - önnur fræ, ef það er staðfest samkvæmt 2. mgr. 2. gr.,
- 16. gr., innan marka hefðbundinna viðskipta og sem svar við framleiðsluþörf fyrirtækja í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu,

síðar en ofangreindar dagsetningar, en þó eigi síðar en 31. desember 1992.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að fræ sem það nýtir þessa heimild fyrir, fyrir utan fræ sem tilgreind eru í öðrum undirlíð fyrsta undirlíðar, sé ekki flutt til annarra hluta bandalagsins en yfirráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins nema staðfest sé að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.“

6. Tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 (Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE (Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31).

- a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 3. gr.:

„Með tilliti til yfirráðasvæðis fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins breytast dagsetningar fyrsta málsliðar 1. mgr. úr 1. júlí 1972 og 30. júní 1980 í 3. október 1990 og 31. desember 1994 að því er varðar tegundir sem yfirvöld fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins hafa viðurkennt. Þetta ákvæði skal gilda að breyttu breytanda um tegundir sem hafa ekki verið viðurkenndar opinberlega en fræ þeirra hafa þegar verið markaðssett eða þeim sáð á yfirráðasvæðunum fyrir sameiningu Þýskalands.“

- b) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 12. gr.:

„Viðurkenning yfirvalda fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins á tegundum fyrir sameiningu Þýskalands skal vera í gildi í síðasta lagi til loka tífunda almanaksársins eftir að þeim var bætt inn á skrá yfir tegundir sem Sambandslýðveldið Þýskaland útbýr samkvæmt 1. mgr. 3. gr.“

- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 16. gr.:

„Með tilliti til Þýskalands kemur 3. október 1990 í stað 1. júlí 1972 í fyrsta lið 1. mgr. að því er varðar tegundir sem viðurkenndar eru af yfirvöldum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins. Öll svæði sem notuð eru til fjölgunar tegundarinnar, eins og um getur í c-lið 1. mgr., skulu vera á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.“

- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 17. gr.:

„Í tilvikunum sem um getur í síðustu málsgrein 16. gr. komi 3. október 1990 í stað 1. júlí 1972 í inngangsorðum fyrstu málsgreinar.“

7. Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 (Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE (Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31).

- a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 9. gr.:

„Að því er varðar yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins breytast dagsetningar í fyrsta málslið úr 1. júlí 1972 og 30. júní 1980 í 3. október 1990 og 31. desember 1994 að því er varðar tegundir sem yfirvöld fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins hafa viðurkennt.

Ákvæði þetta skal gilda að breyttu breytanda um tegundir sem hafa ekki verið viðurkenndar opinberlega en fræ þeirra hafa þegar verið markaðssett eða þeim sáð á yfirráðasvæðunum fyrir sameiningu Þýskalands.“

- b) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 13. gr.:

„Viðurkenning yfirvalda fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins á tegundum fyrir sameiningu Þýskalands skal vera í gildi í síðasta lagi til loka tífunda almanaksársins eftir að þeim var bætt inn á skrá yfir tegundir sem Sambandslýðveldið Þýskaland útbýr samkvæmt 1. mgr. 3. gr.“

- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 4. mgr. 16. gr.:

„Með tilliti til Þýskalands kemur 3. október 1990 í stað 1. júlí 1972 í fyrsta málslið 1. mgr. að því er varðar tegundir sem viðurkenndar eru af yfirvöldum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.“

- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 43. gr.:

„Sambandslýðveldinu Þýskalandi er hér með heimilað, að því er varðar yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, að fylgja eftirfarandi:

- 1. mgr. 20. gr. þegar um er að ræða fræ, sem skorin voru upp fyrir sameiningu Þýskalands eða eftir sameiningu ef sáð var í akrana, þar sem fræin eru ræktuð, fyrir þann tíma,

— d-lið 1. mgr. 32. gr., innan marka hefðbundinna viðskipta og sem svar við framleiðsluþörf fyrirtækja í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu,

síðar en ofangreindar dagsetningar, en þó eigi síðar en 31. desember 1992.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að fræ sem það nýtir þessa heimild fyrir, sé ekki flutt til annarra hluta bandalagsins en yfirráðasvæða fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins nema staðfest sé að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.“

8. (Textinn á ekki við Ísland).

II. Önnur ákvæði

1. (Textinn á ekki við Ísland).

2. (Textinn á ekki við Ísland).

3. (Textinn á ekki við Ísland).

III. VIÐAUKI

LÖGGJÖF UM DÝRAFÓÐUR

1. Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 (Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/412/EBE (Stjtið. EB nr. L 209, 8. 8. 1990, bls. 25).

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 26. gr.:

„Hins vegar, þegar um yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins ræðir, er Sambandslýðveldinu Þýskalandi heimilt:

— að viðhalda ákvæðum sem giltu fyrir sameiningu þar sem notkun eftirtalinna aukefna í fóðri er heimiluð:

— Ólakíndox,

— Núrseóþrísín,

— Ergambúr.

Þessi undanþága fellur úr gildi daginn sem ákvörðun skal tekin í samræmi við 7. gr. um heimild eða bann við notkun ofanskráðra aukefna og í síðasta lagi 31. desember 1992. Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að þessi aukefni ásamt fóðri, sem þeim er blandað í, sé ekki sent til annarra hluta bandalagsins;

— að veita undanþágu til 31. desember 1991 frá ákvæðum 14., 15. og 16. gr. um merkingar aukefna, aukefnaforblandna og fóðurblandna sem aukefnunum er blandað í, sem framleidd eru á viðkomandi svæði.“

2. Tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 (Stjtið. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/234/EBE (Stjtið. EB nr. L 102, 14. 4. 1987, bls. 31).

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 15. gr.:

„Þó er Sambandslýðveldinu Þýskalandi heimilað fram til 31. desember 1991 að veita undanþágu frá ákvæðum 7. gr. um merkingar óblandaðs fóðurs sem framleitt er á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.“

3. Tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 (Stjtið. EB nr. L 86, 6. 4. 1979, bls. 30), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/44/EBE (Stjtið. EB nr. L 27, 31. 1. 1990, bls. 25).

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 16. gr.:

„Þó er Sambandslýðveldinu Þýskalandi heimilað fram til 21. janúar 1992 að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. um merkingar fóðurblandna sem framleiddar eru á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.“

4. Tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 (Stjtið. EB nr. L 213, 21. 7. 1982, bls. 8), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/439/EBE (Stjtið. EB nr. L 227, 21. 8. 1990, bls. 33).

Eftirfarandi 3. málsgrein er bætt við 4. gr.:

„3. Á yfirráðasvæðum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins skal ekki banna notkun prótínafurða, fengnum úr gertegundunum *Candida* sem ræktaðar eru á n-alkönum, í fóður fyrir 31. desember 1991. Sambandslýðveldið Þýskaland skal tryggja að umræddar afurðir séu ekki sendar til annarra hluta bandalagsins.“

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 17. gr.:

„Þó er Sambandslýðveldinu Þýskalandi heimilað fram til 31. desember 1991 að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. um merkingar fóðurs sem framleitt er á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.“

IV. VIÐAUKI

LÖGGJÖF UM DÝRAHEILBRIGÐI

1. (Textinn á ekki við Ísland).

2. Tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 (Stjttíð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE (Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13).
Eftirfarandi texta er bætt við sem 15. gr. d:
„15. gr. d
1. Fram til 31. desember 1992 er Sambandslýðveldinu Þýskalandi heimilað að veita undanþágu, á yfirráðasvæðum fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins, frá eftirfarandi ákvæðum:
— a- og e-lið þáttar A 1. mgr. 3. gr.,
— c-lið þáttar A 1. mgr. 3. gr. um kröfur sem um getur í I. viðauka við 28 gr. a og b í V. kafla
— a-lið þáttar B 1. mgr. 3. gr.,
— e-lið þáttar B 1. mgr. 3. gr., um kröfur í e-lið þáttar A.
2. Afurða frá þeim starfsstöðvum sem um getur í 1. mgr. skal einungis neytt á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.
3. Staðina sem um getur í þessari grein skal setja á sérstaka skrá og skal úthluta þeim sérstökum löggildingarnúmerum vegna dýraheilbrigðis sem ekki er hægt að rugla saman við löggildingarnúmerið sem mælt er fyrir um vegna viðskipta innan bandalagsins í skilningi 1. mgr 5. gr.“